
**Almennir tryggingarskilmálar
fyrir ellilífeyrisþáttinn: FramtíðarLífeyrir****E 70**

Ágæti viðskiptavinur,

eftirfarandi skilmálar skýra reglurnar sem gilda um samband tryggingartaka og okkar.

Tryggingartaki er sá sem sótti um trygginguna. Hann er tilgreindur þannig í tryggingarskírteininu.

Hinn tryggði í skilningi þessara skilmála er sá sem líftryggður er með þættinum ellilífeyrir. Ef eftirlífendalífeyrir er innifalinn er **hinn samtryggði** sá einstaklingur sem greiða skal fyrir eftirlífendalífeyri ævilangt eftir fráfall hins tryggða.

Ef þú ert hinn tryggði, en ekki tryggingartaki (t.d. ef vinnuveitandi þinn hefur samið um líftryggingu þína) þá beinum við í skilmálunum orðum okkar ekki beint til þín. Réttindi og skyldur sem kveðið er á um í skilmálunum eiga nefnilega fyrst og fremst við um tryggingartakann sem viðsemjanda okkar.

Skilmálarnir hafa að geyma reglur fyrir ýmsa þætti. Það merkir að við tiltekna aðstæður eiga ekki öll eftirfarandi ákvæði við um tryggingarsamning þinn. Í sumum samningum, (t.d. samningum með sérstökum samþykktum um hvernig hagnaði skuli varið eða tryggingum innan hópsamninga), þarf að breyta eða auka við einstök ákvæði skilmálanna. Slíkar breytingar eða viðbætur eru prentaðar í lok þessara skilmála eða birtir sérstaklega í „Sérstökum skilmálum“.

Ef tryggingarsamningur þinn nær yfir fleiri þætti gilda Sérstakir skilmálar líka fyrir þá. Í Sérstöku skilmálunum er ellilífeyrisþátturinn talinn sem grunnþáttur.

Ef þú vilt spyrja einhvers eða hefur einhverjar óskir varðandi tryggingu þína skaltu snúa þér til tryggingaráðgjafa þíns eða til okkar.

Með kveðjum

Allianz Lebensversicherungs-AG

Efnisyfirlit

Blaðsíða

§ 1	Hvað er tryggt?	2
§ 2	Hvað gerist ef hinn samtryggði deyr meðan á biðtíma stendur ef þáttur eftirlífendalífeyris fyrir upphaf lífeyristöku er innifalinn?	3
§ 3	Hvenær geturðu tekið höfuðstól úr tryggingu þinni?	3
§ 4	Hvenær geturðu valið höfuðstól í stað lífeyris?	4
§ 5	Hvernig geturðu gert upphaf lífeyristöku sveigjanlegt?	5
§ 6	Hvenær á biðtímanum geturðu bætt við þáttum eftirlífendalífeyris án áhættukönnunar?	5
§ 7	Hvernig geturðu breytt bótagreiðslum við fráfall eftir upphaf lífeyristöku?	6
§ 8	Hvenær geturðu við upphaf lífeyristöku innifalið tryggingarvernd í umönnunartilfelli?	6
§ 9	Hvenær hefst tryggingarverndin?	7
§ 10	Hvað þarftu að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?	7
§ 11	Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?	7
§ 12	Hvað gildir um greiðslur iðgjalds í atvinnuleysi eða í foreldraorlofi?	7
§ 13	Hvenær geturðu greitt viðbótargreiðslur?	8
§ 14	Hvernig geturðu breytt iðgjaldsgreiðslu- og/eða biðtíma?	8
§ 15	Hvenær geturðu gert trygginguna iðgjaldsfria?	9
§ 16	Hvenær geturðu sagt tryggingunni upp?	9
§ 17	Hvenær geturðu komið upprunalegri tryggingarvernd aftur á eftir að hafa haft trygginguna iðgjaldsfria?	11
§ 18	Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?	11
§ 19	Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna?	12
§ 20	Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?	12
§ 21	Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?	12
§ 22	Hvað felst í tryggingarskírteininu?	13
§ 23	Hvað gildir um tilkynningar sem varða tryggingarsambandið?	13
§ 24	Hver fær tryggingargreiðslurnar?	13
§ 25	Hvernig er kostnaður við samningsgerð dreginn af iðgjöldum þínum?	14
§ 26	Hvaða kostnað getum við innheimt hjá þér sérstaklega?	14
§ 27	Hvernig öðlast þú hlutdeild í hagnaði okkar?	14
§ 28	Hvaða réttarreglur gilda um samninginn?	15
§ 29	Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?	15
Breytingar og viðbætur við Almenna tryggingarskilmála fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir		16

§ 1 Hvað er tryggt?

(1) Lifi hinn tryggði eða allir hinir tryggðu umsamda upphaf lífeyristöku greiðum við tryggðan lífeyri meðan hinn tryggði eða að minnsta kosti einn hinna tryggðu lifir. Við greiðum lífeyrinn samkvæmt umsómdum hætti árlega, á hálfis árs fresti, ársfjórðungslega eða mánaðarlega, á fyrsta venjulega bankavinnudegi eftir umsamda gjalddaga.

(2) Ef í tryggingu þinni er grunntímabil, gildir við andlát hins tryggða eða eins hinna tryggðu:

- Ef þú hefur ekki innifalið eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku greiðum við, við fráfall að loknu grunntímabili, upphæð sem nemur endurkaupsvirðinu sem þú hefur fengið ef hinn tryggði eða allir hinir tryggðu, hefðu lífað lok yfirstandandi tryggingartímabils (1. mgr. § 10) og þú hefur sagt tryggingunni upp á þeim tíma (§ 16). Við andlát á grunntímabilinu endurgreiðum við greidd iðgjöld vegna ellilífeyrisþáttarins að frátöldum iðgjöldum fyrir hugsanlega frekari þætti, hafi verið samið um endurgreiðslu iðgjalds.

- Ef þú hefur innifalið eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku greiðum við við andlát að loknu grunntímabili eftirlífendalífeyri ef og svo lengi sem hinn samtryggði við fráfall hins tryggða lifir. Hæð eftirlífendalífeyrisins ræðst af því endurkaupsvirði sem þú hefur fengið ef hinn tryggði eða allir hinir tryggðu hefðu lífað lok yfirstandandi tryggingartímabils (1. málsgr. § 10) og þú hefur sagt tryggingunni upp á þeim tíma (§ 16) sem og af aldri hins samtryggða á þeim tíma. Um þetta gilda ráðandi gjaldskráreglur.

(3) Ef þú hefur ekki samið um grunntímabil endurgreiðum við við fráfall hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku greidd iðgjöld fyrir ellilífeyrisþáttinn, án iðgjalda fyrir aðra þætti sem kunna að vera innifaldir, hafi verið samið um endurgreiðslu iðgjalds.

(4) Óháð þessum greiðslum greiðum við við andlát hins tryggða eða eins hinna tryggðu fyrir upphaf lífeyristöku höfuðstóll sem nemur 25.000 evrum ef andlát ber að höndum innan fyrstu þriggja mánaðanna frá fæðingu barns hins tryggða eða eins hinna tryggðu eða frá því að hinn tryggði eða einn hinna tryggðu ættleiðir ófullveðja einstakling.

Ef um fjölbura fæðingar eða ættleiðingu fleiri en eins barns er að ræða greiðum við höfuðstólinn aðeins einu sinni. Ef þú tilkynnir okkur fæðinguna eða ættleiðinguna skriflega innan þriggja mánaða lengist þessi tryggingarvernd við andlát í samtals sex mánuði.

(5) Hafir þú samið um útborgun höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og ekki innifalið eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku og deyi hinn tryggði á lífeyrisgreiðslutímanum greiðum við umsaminn höfuðstól að frádregnum þeim tryggða lífeyri sem búið er að greiða frá upphafi lífeyristöku. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.

(6) Hafir þú samið um útborgun höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og innifalið eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku greiðum við umsaminn höfuðstól við andlát þess sem lengst lifir (hins tryggða eða hins samtryggða) að frádregnum einum þeim ellilífeyri sem tryggður er frá upphafi lífeyristöku fyrir hvern gjalddaga lífeyrisgreiðslu sem sá hefur lífað sem lengst lifði. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.

(7) Við veitum þér hlutdeild í hagnaði okkar (sjá reglur í § 27).

§ 2 Hvað gerist ef hinn samtryggði deyr meðan á biðtíma stendur ef þáttur eftirlífendalífeyris fyrir upphaf lífeyristöku er innifalinn?

(1) Deyi hinn samtryggði á biðtímanum á undan hinum tryggða og hafi verið samið um þátt eftirlífendalífeyris fyrir upphaf lífeyristöku er ellilífeyrisþættinum breytt: Frá þeirri stundu er endurgreiðsla iðgjalds við andlát hins tryggða (§ 1, málsgr. 2, 1. þankastrik eða málsgr. 3 § 1) innifalinn. Ellilífeyririnn sem breytist við það er reiknaður út samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Um þetta gilda ráðandi gjaldskráreglur.

(2) Við andlát hins samtryggða getur þú þó valið um

- að hafna endurgreiðslu iðgjalds við fráfall hins tryggða
- að taka inn nýjan þátt, höfuðstól við andlát, í stað endurgreiðslu iðgjalds við fráfall hins tryggða.

Umsóknina verður þú að leggja fram í síðasta lagi þremur mánuðum eftir fráfall hins samtryggða.

Við útskýrum fyrir þér forsendur og áhrif ef óskað er.

§ 3 Hvenær geturðu tekið höfuðstól úr tryggingu þinni?

Þú getur hvenær sem er tekið höfuðstól úr tryggingu þinni.

Fyrir úttekt úr höfuðstóli reiknum við frádrátt sem nemur 15 evrum.

Ef þú tekur höfuðstól úr tryggingu þinni þar sem þátturinn höfuðstóll við andlát er ekki innifalinn en þó annaðhvort endurgreiðsla iðgjalds eða eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku, tókum við viðbótarfrádrátt. Um hann gildir:

- Hafirðu samið um endurgreiðslu iðgjalds þá reiknum við viðbótarfrádráttinn sem hundraðshluta mismunarins á endurkaupsvirði samkvæmt § 16 (án frádráttar samkvæmt § 16 málsgr. 3 og 4) og endurgreiðslu iðgjalds við andlát.

Þetta gildi er margfaldað með umbeðinni úttektarupphæð og síðan deilt í það með endurkaupsvirði samkvæmt § 16 (án frádráttar samkvæmt § 16 málsgr. 3). Hundraðshlutinn nemur 6% auk 1,5% fyrir hvert ár sem eftir er af biðtímanum við úttekt, þó að hámarki 30%. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er eingöngu tekið tillit til biðtíma til loka grunntímabils.

Viðbótarfrádráttur fellur niður við sömu forsendur og í § 16 málsgr.

- Ef þú hefur samið um eftirlífendalífeyri fyrir upphaf lífeyristöku þá reiknast viðbótarfrádráttur sem

hundraðshluti af mismuni endurkaupsvirðis samkvæmt § 16 (án frádráttar samkvæmt § 16 málsg. 3 og 4) og 20-faldri ársupphæð eftirlífendalífeyris. Þetta gildi er margfaldað með umbeðinni úttektarupphæð og síðan deilt í það með endurkaupsvirði samkvæmt § 16 (án frádráttar samkvæmt § 16 málsg. 3). Hundraðshlutinn nemur 6% auk 1,5% fyrir hvert ár sem eftir er af biðtímanum við úttekt, þó að hámarki 30%. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er eingöngu tekið tillit til biðtíma til loka grunntímabils.

Viðbótarfrádráttur fellur niður við sömu forsendur og í § 16 málsg.

Forsendur fyrir úttekt eru að

- ekkert tryggingarskírteinislán sé áhvílandi
- úttektarupphæðin nemi minnst 1.000 evrum
- endurkaupsvirði tryggingarinnar eftir úttekt höfuðstóls og greiðslu vinnslugjalds nemi minnst 1.000 evrum.

Við úttektina breytist ekki greiðslutímabil og hæð iðgjalda sem greiða skal.

Við úttektina skerðast tryggðar bætur samkvæmt viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

§ 4 Hvenær geturðu valið höfuðstól í stað lífeyris?

(1) Ef hinn tryggði eða allir hinir tryggðu lífa umsamið upphaf lífeyristöku geturðu sótt um tryggðan höfuðstól í stað tryggðs lífeyris ef sótt er um það á tilskyldum tíma.

Um umsóknarfrestinn gildir:

Þú verður að leggja umsóknina fram í síðasta lagi 3 mánuðum fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

En ef þú hefur hvorki samið um endurgreiðslu iðgjalds við andlát fyrir upphaf lífeyristöku né eftirlífendalífeyri eða höfuðstól við andlát fyrir upphaf lífeyristöku verðurðu þó að leggja umsóknina fram í síðasta lagi þremur árum fyrir upphaf lífeyristöku

(2) Þú getur líka krafist þess að fá aðeins hluta tryggðs höfuðstóls útborgaðan. Til þess verður þú að virða sömu fresti og tilgreindir eru í málsg. 1.

Við greiðum þá frá umsömdu upphafi lífeyristöku tryggðan lífeyri samkvæmt § 1 sem er skertur um það prósentuhlutfall sem samsvarar útborguðum hluta tryggða höfuðstólsins. Forsenda fyrir útborgun hluta tryggða höfuðstólsins er: Tryggði lífeyririnn, sem eftir verður, skal nema minnst 200 evrum á ári.

(3) Með útborgun alls tryggða höfuðstólsins við umsamið upphaf lífeyristöku fellur ellilífeyrisþátturinn niður.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

- Ef þáttur eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku er innifalinn fellur hann niður. Með útborgun hluta tryggðs höfuðstóls fellur þáttur eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku niður í sama prósentuhlutfalli og tryggður höfuðstóll er greiddur út.
- Þátturinn umönnunarlífeyrir heldur í báðum tilvikum áfram iðgjaldsfrír, svo framarlega sem útborgun höfuðstóls fer fram að grunntímabili loknu.

(4) Þú getur einnig krafist þess að fá höfuðstól útborgaðan þegar lífeyrisgreiðslan er þegar hafin, svo lengi sem höfuðstólsgreiðsla við fráfall eftir upphaf lífeyristöku er tryggð. Í því tilviki geturðu á hvaða gjaldaga lífeyrisgreiðslu sem er, en þó í fyrsta lagi eftir eitt ár frá því að greiðsla lífeyris hófst, krafist þess að fá einu sinni greiddan út höfuðstól sem nemur allt að 30 % af gangvirði tryggingarinnar við upphaf lífeyristöku, reiknað út samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingafræðinnar (§ 176, VVG).

Þá verða dregnar frá 50 evrum sem þykir sanngjarnt.

Útborguð upphæð má þó ekki vera hærri en höfuðstólsgreiðsla við andlát né reiknað gangvirði tryggingarinnar á útborgunardegi, að teknu tilliti til áður nefnds frádráttar. Ef reiknað gangvirði tryggingarinnar á útborgunardegi, að teknu tilliti til áður nefnds frádráttar, er ekki hærri en útborgaður höfuðstóll lýkur tryggingunni. Að öðrum kosti heldur tryggingin áfram að því tilskyldu að tryggður ellilífeyrir nemi 200 evrum á ári við minnsta. Meðtryggður höfuðstóll við fráfall eftir upphaf lífeyristöku er skertur sem nemur útborguðum höfuðstól. Tryggður ellilífeyrir, tryggður eftirlífendalífeyrir og tryggður barna- eða umönnunarlífeyrir skerðast samkvæmt viðeigandi gjaldskrárákvæðum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(5) Að teknu tilliti til þeirra fresta sem getið er í málsg. 1 getur þú í stað tryggðs lífeyris einnig þá fengið greiðslu höfuðstóls sem nemur hæð endurkaupsvirðisins (§ 16) á þeim tíma þegar upphaf lífeyristöku er flýtt ef þú hefur flýtt umsáminni upphaf lífeyristöku samkvæmt § 5.

Forsendur fyrir því eru:

- a) Ef í tryggingu þinni er innifalið grunntímabil:
- þú flýttir upphafi lífeyristöku í mesta lagi fram að lokum grunntímabils eða
 - í tryggingu þinni er annar hvor þáttanna höfuðstólsgreiðsla við fráfall eða eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku innifalinn eða þú hefur samið um endurgreiðslu iðgjalds.

Með útborgun höfuðstóls á lífeyrisgreiðslutíma sem hefur verið flýtt falla allir þættir niður. Þátturinn umönnunarlífeyrir fellur úr gildi ef höfuðstóll er greiddur út áður en grunntímabili lýkur.

b) Ef tryggingin þín er ekki með grunntímabil innifalið:

- í tryggingu þinni er annar hvor þáttanna greiðsla höfuðstóls við fráfall eða eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku

innifalinn eða þú hefur samið um endurgreiðslu iðgjalds.
Með útborgun höfuðstóls á lífeyrisgreiðslutíma sem hefur verið flýtt falla allir þættir niður.

§ 5 Hvernig geturðu gert upphaf lífeyristöku sveigjanlegt?

(1) Þú getur flýtt umsömdu upphafi lífeyristöku. Forsenda þess er að hinn tryggði hafi við umsamið upphaf lífeyristöku náð 55 ára reiknuðum aldri¹).

(2) Samkvæmt málsgr. 1 geturðu í hæsta lagi flýtt umsömdu upphafi lífeyristöku fram að upphafi sveigjanlegs greiðslutímabils. Umsóknina verður að leggja fram í síðasta lagi þrem mánuðum fyrir umbeðið upphaf lífeyristöku.

(3) Ef í tryggingu þinni er grunntímabil geturðu flýtt umsömdu upphafi lífeyristöku fram að lokum grunntímabils án þess að virða umsóknarfrestinn samkvæmt málsgr. 2.

(4) Um tilfærslu á upphafi lífeyristöku sem er flýtt gilda sömu möguleikar til breytinga og gilda um upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku (einkum § 4 málsgr. 5).

Við frestun á upphafi lífeyristöku eða greiðslutíma hækkar tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll. Við það má lækkaður heildarlífeyrir (að meðtalinni hagnaðarhlutdeild) ekki verða minni en lágmarksupphæð sem nemur 200 evrum á ári.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

- Inniföldu þættirnir eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku, höfuðstóll við fráfall, höfuðstóll við andlát af slysförum og örorkubætur falla niður þegar kemur að upphafi lífeyristöku sem var flýtt. Ef greiddar eru örorkubætur á þessum tíma haldast þær þó óskertar.
- Um innifalinn þátt eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku gildir að greiðslur lækka samkvæmt tryggingafræðilegum grundvallarreglum. Hlutfall eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku og greiðslu höfuðstóls við fráfall eftir upphaf lífeyristöku við tryggðan ellilífeyri breytist ekki þótt greiðslum sé flýtt. Ný eftirlífendalífeyrir má eftir upphaf lífeyristöku ekki vera minni en lágmarksupphæðin 200 evrur.
- Þátturinn umönnunarlífeyrir heldur áfram iðgjaldsfrír. Við það má umönnunarlífeyrir ekki verða lægri en lágmarksupphæð sem nemur 600 evrum á ári, að öðrum kosti fellur þátturinn umönnunarlífeyrir úr gildi þegar kemur að upphafi lífeyristöku sem var flýtt. Ef greiddur eru umönnunarlífeyrir á þessum tíma helst hann óskertur.

¹ Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingarinnar - þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir – að viðbættu því sem liðið er af biðtímanum.

§ 6 Hvenær á biðtímanum geturðu bætt við þáttum eftirlífendalífeyris án áhættukönnunar?

(1) Ef hvorugur þáttanna til framfærslu eftirlífenda, höfuðstóll við andlát eða eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku, er innifalinn í tryggingunni, þá má á biðtímanum fara fram á að annar þessara þátta verði innifalinn án áhættukönnunar. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er eingöngu hægt að framkvæma þessa viðbót til loka grunntímabils.

Forsendur fyrir því eru:

- Hinn tryggði er ekki, eða enginn hinna tryggðu er, enn kominn yfir 40 ára reiknaðan aldur¹).
- Enn eru ekki liðin 10 ár frá samningsgerð.
- Hinn tryggði eða hinir tryggðu eru ekki óvinnufærir.
- Ekki er um að ræða tryggingu innan ramma ellilífeyris fyrirtækis eða hóptryggingar félags.
- Við höfum hingað til samþykkt allar umsóknir um líftryggingu hins tryggða eða eins hinna tryggðu með venjulegum skilvrðum.

- Okkur var tilkynnt um einn eftirfarandi atburða innan 6 mánaða frá því er hann átti sér stað:
- Fæðing barns hins tryggða eða eins hinna tryggðu eða hinn tryggði eða einn hinna tryggðu ættleiðir ófullveðja einstakling.
- Hinn tryggði byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem það krefst aðildar að fagfélagi eða ráði.
- Hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar í atvinnulífínu.
- Hinn tryggði tekur lán til kaupa á fasteign til eigin nota að upphæð að minnsta kosti 100.000 evrum.

Um viðbætur eftir á gilda svofelld mörk:

¹ Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingarinnar - þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir – að viðbættu því sem liðið er af biðtímanum.

- a) fyrir þáttinn höfuðstóll við fráfall
- Að lágmarki 10 % tryggðs höfuðstóls til elliframfærslu. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil, þá er tryggður höfuðstóll til ellilífeyris við lok grunntímabils ráðandi.
 - Að hámarki 50.000 evra tryggður höfuðstóll við fráfall.
- b) fyrir þáttinn eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku
- Að lágmarki 20% tryggðs ellilífeyris.
 - Að hámarki 60% tryggðs ellilífeyris.
 - Að hámarki 6.000 evra tryggður lífeyrir á ári til framfærslu eftirlífenda.
- Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er tryggður ellilífeyrir við lok grunntímabils ráðandi.

Viðbót þáttanna höfuðstóll við andlát og eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku fer eftir viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er. Sérstaklega fellur burt áður umsamin endurgreiðsla iðgjalds við andlát.

(2) Ásamt eftirlífendalífeyri fyrir upphaf lífeyristöku samkvæmt málsgr. 1 geturðu líka innifalið eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku. Þú átt líka kost á að bæta síðarmeir við eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku ef eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku hefur þegar verið tryggður.

Eftirlífendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku má hvorki vera hærrí en eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku né tryggður ellilífeyrir.

Um viðbót þáttarins eftirlífendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku fer samkvæmt viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

§ 7 Hvernig geturðu breytt bótagreiðslum við fráfall eftir upphaf lífeyristöku?

(1) Umsamda greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku getur þú hækkað eða lækkað án nýrrar áhættukönnunar. Um umfang mögulegra breytinga gilda takmörk sem fara m.a. eftir umsömdum aldri við upphaf lífeyristöku og meðallíflíkum. Við tilkynnum þér um takmörkin ef óskað er.

(2) Í tryggingum þar sem þátturinn eftirlífendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku er ekki innifalinn geturðu í lok biðtímans krafist þess að slíkur þáttur verði innifalinn. Eftirlífendalífeyririnn má ekki vera hærrí en tryggður ellilífeyrir við upphaf lífeyristöku. Áhættukönnun er ekki nauðsynleg. Um þetta gilda ráðandi gjaldskrárreglur. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(3) Hægt er að útiloka bæði umsamda útborgun höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og þáttinn eftirlífendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku

og krefjast þess í staðinn að greiða skuli út, frá upphafi lífeyristöku, áunnin tryggðan höfuðstól, að fráregnum áður greiddum tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku.

(4) Fyrir breytta greiðslu höfuðstóls við andlát samkvæmt málsgr. 1 kann að verða nauðsynlegt að greiða einstaka viðbótargreiðslu. Upphæðin fer eftir viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er. Ef greiðsla höfuðstóls við andlát er lækkuð eða þú vilt ekki greiða nauðsynlega einstaka greiðslu breytist tryggður lífeyrir og einnig innifalinn eftirlífendalífeyrir samkvæmt viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

Fyrir umsókn um breytingu samkvæmt málsgr. um 1 til 3 verður þú að virða sömu fresti og tilgreindir eru í § 4, málsgr. 1.

§ 8 Hvenær geturðu við upphaf lífeyristöku innifalið þáttinn umönnunarlífeyrir?

Ef enginn þáttur umönnunarlífeyrir er innifalinn í tryggingunni við upphaf lífeyrisgreiðslna er hægt að bætt við þættinum umönnunarlífeyrir, án nýs áhættumats.

Forsendur fyrir því eru:

- Hvorki hinn tryggði né neinn hinna tryggðu, er enn kominn yfir 70 ára reiknaðan aldur¹⁾.
- Ekki er um að ræða tryggingu innan ramma ellilífeyris fyrirtækis eða hóptryggingar félags.

Umsókn um viðbót þáttarins umönnunarlífeyrir verðurðu að leggja fram í síðasta lagi 3 mánuðum fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

Um síðbúna viðbót umönnunarlífeyris gilda svofelld takmörk:

- árleg hámarksfjárhæð 24.000 evrur
- að hámarki jafn há og tryggður ellilífeyrir
- ásamt inniföldum eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku, að hámarki jafn há og 1,5-faldur tryggður ellilífeyrir.

- 1) Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingarinnar - þá er aldursári sem er hafid en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir - að viðbættu því sem liðið er af biðtímanum.

Vegna viðbótarþáttarins umönnunarlífeyrir skerðist tryggður ellilífeyrir samkvæmt viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

Samtryggður höfuðstóll við andlát eftir upphaf lífeyristöku (§ 7 málsg. 1) má ekki vera hærrí en 10-faldur (lækkaður) tryggður ellilífeyrir. § 7 málsg. 2 gildir ekki.

§ 9 Hvenær hefst tryggingarverndin?

Tryggingarverndin hefst þegar þú hefur greitt fyrsta eða einstakt iðgjald (stofniðgjald) og við höfum staðfest umsókn þína skriflega eða með því að afhenda tryggingarskírteinið.

Tryggingarvernd er þó ekki fyrir hendi fyrir umsamið upphaf tryggingar samkvæmt tryggingarskírteini.

§ 10 Hvað þarftu að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?

(1) Iðgjöldin af tryggingu þinni skal samkvæmt samkomulagi greiða í einu lagi (eingreiðsla) eða með reglubundnum iðgjöldum fyrir hvert tryggingartímabil. Eftir því hvernig greiðslutímabil er umsamið er tryggingartímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár.

(2) Stofniðgjald gjaldfellur strax eftir að gerð tryggingasamningsins er lokið en þó ekki fyrir það upphaf tryggingar sem tilgreint er í tryggingarskírteininu. Öll önnur iðgjöld (framhaldsiðgjöld) gjaldfalla í byrjun hvers umsamins tryggingartímabils.

Ef samið er um mánaðarlegar iðgjaldsgreiðslur fer greiðsla iðgjalda fram með skuldfærslu.

(3) Sending iðgjalda þinna fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

(4) Iðgjöld er eingöngu hægt að greiða til tryggingaumboðsmanns ef hann leggur fram iðgjaldareikning frá okkur.

(5) Þegar við innum af hendi tryggingagreiðslur verður tekið tillit til hugsanlegra ógreiddra iðgjalda.

§ 11 Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?

(1) Iðgjaldið telst greitt á tilskyldum tíma hafir þú á réttum tíma gert allt til að iðgjaldið berist okkur. Ef samið var um að iðgjaldið væri innheimt af reikningi (skuldfærsla) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og þú mótmælir ekki réttmætri innheimtu. Ef ekki var hægt að innheimta gjaldfallið iðgjald án þess að þú ættir sök á því telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef hún berst okkur tafarlaust eftir skrifleg greiðslutilmæli. Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því getum við framvegis krafist þess að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfisins. Hafi verið samið um mánaðarlega iðgjaldagreiðslu breytum við henni í þessu tilviki í ársfjórðungslega greiðslu.

(2) Ef þú greiðir stofniðgjaldið ekki á tilskyldum tíma getum við – á meðan greiðslan hefur ekki enn verið innt af hendi – rift samningnum. Það telst riftun ef við höfum ekki haldið fram kröfum okkar fyrir rétti innan 3 mánaða frá gjalddaga.

(3) Ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á tilskyldum tíma færð þú á þinn kostnað skriflega greiðsluáskorun. Þar veitum við þér að minnsta kosti 2 vikna greiðslufrest. Ef þú greiðir ekki upp vanskilin innan tilskilins frest fellur niður eða minnkar tryggingarverndin. Við bendum þér í greiðsluáskoruninni skilmerkilega á þessi réttaráhrif.

§ 12 Hvað gildir um iðgjaldsgreiðslur í atvinnuleysi eða í foreldraorlofi?

Hafi samningurinn þegar staðið í 3 ár og þú verður atvinnulaus geturðu farið fram á vaxtalaus greiðslufrest framhaldsiðgjalda. Við frestum iðgjaldagreiðslunum svo lengi sem þú ert atvinnulaus en þó ekki lengur en eitt ár. Meðan á gjaldfrestinum stendur helst tryggingarverndin að fullu.

Verðir þú atvinnulaus oftár en einu sinni er hægt að fresta iðgjaldagreiðslunum að nýju í hvert sinn. Samtals frestum við iðgjaldagreiðslum í hæsta lagi í 24 mánuði á öllum samningstímanum.

(2) Til sönnunar atvinnuleysis þurfum við vottorð frá svæðismiðlun. Fáir þú aftur atvinnu verður þú að tilkynna okkur það tafarlaust.

(3) Iðgjöldin, sem frestað var, verður þú að greiða að gjaldfrestinum liðnum í einni upphæð.

(4) Meðan á foreldraorlofi stendur getur þú lækkað iðgjöld þín (hlutagreiðsla iðgjalds) tímabundið að hámarki í 3 ár ef iðgjöld vegna samningsins hafa þegar verið greidd í minnst eitt ár.

Hlutagreiðslu iðgjalds er í mesta lagi hægt að nýta tvisvar á öllum samningstímanum.

Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

§ 13 Hvenær geturðu greitt viðbótargreiðslu?

(1) Á biðtímanum geturðu greitt viðbótargreiðslur hvenær sem er. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er eingöngu hægt að framkvæma viðbótargreiðslu til loka grunntímabils. Áhættukönnun er ekki nauðsynleg.

(2) Forsendur fyrir viðbótargreiðslu eru:

- Hver einstök viðbótargreiðsla nemur minnst 1.000 evrur.
- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu tryggingarári nemur í hæsta lagi 20.000 evrur.

Hafir þú innfalið þáttinn höfuðstól við fráfall gildir auk þess eftirfarandi skilyrði:

- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu tryggingarári er ekki hærrí en heildarupphæð umsaminna iðgjalda á einu tryggingarári.
- Höfuðstóll við fráfall sem og höfuðstóllinn úr öllum líftryggingarsamningum hins sama tryggða einstaklings hjá Allianz Lebensversicherungs-AG, sem myndar grundvöll vaxta af höfuðstóli við fráfall, fara ekki, að viðbætti viðbótargreiðslu, yfir 250.000 evrur.

(3) Við viðbótargreiðslu hækkar ellilífeyririnn. Greiðsla úr inniföldum þætti höfuðstóls við fráfall hækkar um sömu upphæð og tryggður höfuðstóll við lífun.

Ef í tryggingu þinni er grunntímabil hækkar höfuðstóll við andlát um sömu upphæð og tryggður höfuðstóll við lífun til loka grunntímabils. Umsamin endurgreiðsla iðgjalds hækkar um upphæð viðbótargreiðslunnar.

Greiðslur innifalins eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku hækka í sama hlutfalli og ellilífeyririnn. Greiðslur úr öðrum inniföldum þáttum hækka ekki við viðbótargreiðslu. Hið breytta hlutfall greiðslna úr inniföldum þáttum gagnvart ellilífeyri ákvarðar greiðslur úr bónusnum (§ 27).

(4) Hækkun greiðslna reiknast samkvæmt samningsgildum sem náðst hafa á hækkunardegi, einkum reikningsaldri hins tryggða eða eins hinna tryggðu¹⁾, biðtímanum sem eftir er og mögulega umsömdu iðgjaldsálagi. Um þetta gilda ráðandi gjaldskrárreglur. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(5) Hækkunardagur fyrir greiðslur er fyrsti dagur sama mánaðar og viðbótargreiðslan berst okkur. Hafir þú innfalið þáttinn höfuðstól við fráfall er hækkunardagurinn fyrsti dagur næsta mánaðar.

1) Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingarinnar - þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir – að viðbættu því sem liðið er af biðtímanum.

§ 14 Hvernig geturðu breytt iðgjaldagreiðslu- og/eða biðtíma?

(1) Stytting iðgjaldsgreiðslutíma og/eða biðtíma

Ef iðgjöld eru greidd jafnóðum af tryggingu geturðu stytt iðgjaldsgreiðslutímann og/eða biðtímann um heil ár. Hafir þú innfalið þáttinn höfuðstól við andlát með lægri tryggðum höfuðstól en tryggðum höfuðstól til ellilífeyris getur þú aðeins stytt iðgjaldsgreiðslu- og biðtíma sameiginlega og í sama mæli. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil, þá er tryggður höfuðstóll til ellilífeyris við lok grunntímabils ráðandi.

Við styttingu hefurðu eftirtalda möguleika:

- Eigi tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll að haldast óbreyttir hækka iðgjöld sem greidd eru jafnóðum.
- Eigi iðgjald að haldast óbreytt lækkar tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll. Í þessu tilviki lækka greiðslur úr öðrum inniföldum þáttum í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

- Eigi bæði iðgjald, tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll að haldast óbreytt verður þú að inna af hendi viðbótargreiðslu. Þennan möguleika hefur þú þó ekki ef þú hefur innfalið þáttinn höfuðstól við andlát með lægri tryggðum höfuðstól en tryggðum höfuðstól til ellilífeyris. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil, þá er tryggður höfuðstóll til ellilífeyris við lok grunntímabils ráðandi.

Nýja iðgjaldið, nýi tryggði lífeyririnn og nýi tryggði höfuðstóllinn eða viðbótargreiðslan eru reiknuð út eftir grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Biðtíminn sem eftir er má ekki fara niður fyrir 5 ár. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil má sá tími sem eftir er af grunntímabilinu ekki fara niður fyrir 5 ár.

Í undantekningartilvikum, t.d. þegar um er að ræða ellilífeyri fyrirtækis og jafnræðisreglan kemur í veg fyrir að þessi frestur sé settur er einnig mögulegt að eftir verði styttri biðtími.

(2) Lenging iðgjaldagreiðslutímans

Ef iðgjaldagreiðslutími tryggingar þessar er styttri en biðtíminn og þú greiðir iðgjöld jafnóðum geturðu lengt iðgjaldagreiðslutímamann.

Forsendur fyrir því eru:

- Lenging um allt að 5 ár er möguleg, einu sinni og strax eftir upphafleg lok iðgjaldagreiðslu, en þó ekki lengur en til umsaminna loka biðtímans. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil geturðu framlengt iðgjaldsgreiðslutímamann þar til eitt ár er eftir til loka grunntímabils.
- Áhættustaða hins tryggða eða allra hinna tryggðu þegar

samningnum er breytt verður að leyfa gerð samnings um nýja sambærilega tryggingu eftir samþykktarreglum okkar án þyngri skilyrða.

- Hinn tryggði eða allir hinir tryggðu mega á upphaflega umsömdu lokum iðgjaldsgreiðslutímans ekki hafa náð reiknuðum aldri ¹⁾ 50 ára.

Við lenginguna hækka tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll frá upphaflegum lokum iðgjaldsgreiðslutímans. Greiðslur annarra innifalinnna þátta hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

Nýi tryggði lífeyririnn, nýi tryggði höfuðstóllinn og greiðslur úr öðrum þáttum lúta ákvæðum viðkomandi þátta. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

1) Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingarinnar - þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðin meira en sex mánuðir – að viðbættu því sem liðið er af biðtímanum.

§ 15 Hvenær geturðu gert trygginguna iðgjaldsfría?

(1) Þú getur við lok tryggingartímabils fengið lausn undan greiðsluskyldu iðgjalds.

Í því tilviki lækkum við tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstóll til ellilífeyris samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingafræðinnar. Upphæðin úr tryggingu þinni sem er til ráðstöfunar til að mynda iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól er þá skert um frádrátt samkvæmt (§ 174 VVG).

Frádrátturinn nemur 50 evrum að viðbættum 2,0% af samtölu umsaminna iðgjalda fyrir ellilífeyrisþáttinn sem samsvarar því iðgjaldsgreiðslutímabili sem eftir er. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er eingöngu tekið tillit til iðgjaldsgreiðslutíma til loka grunntímabils.

Frádrátturinn fellur niður á síðasta ári biðtímans. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil fellur frádrátturinn niður að grunntímabilinu loknu og einu ári fyrir þann tíma.

Ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu hefur náð að minnsta kosti reikningsaldri ¹⁾ 55 ára, fellur frádrátturinn niður innan síðustu 5 ára biðtímans. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil fellur frádrátturinn niður í lok grunntímabils og innan síðustu 5 ára grunntímabilsins.

Útreikningur greiðslu fer fram við lok tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

Þú átt rétt á að færa sönnur á að frádráttur eigi alls ekki við í þínu tilviki eða aðeins í mun minni mæli.

(2) Þú getur þó aðeins haldið tryggingu þinni áfram iðgjaldsfríri ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir nær árlegri lágmarksupphæð sem nemur 200 evrum og að iðgjaldsfrír tryggður höfuðstóll nemi 3.0 að lágmarki 200 evrum. Annars fellur tryggingin niður og endurkaupsvirðið (§ 16) - ef eitthvað er fyrir hendi - er greitt út.

(3) Að hafa tryggingu þína iðgjaldsfría hefur ókosti í för með sér. Í upphafi tryggingarinnar er enginn iðgjaldsfrír lífeyrir og enginn iðgjaldsfrír tryggður höfuðstóll fyrir hendi sökum greiðslu kostnaðar við samningsgerð samkvæmt Zillmer-aðferðinni (sbr. § 25). Og næstu árin er ekki víst að til ráðstöfunar sé fé sem nemur innborguðum iðgjöldum til myndunar iðgjaldsfrís tryggðs lífeyris og iðgjaldsfrís tryggðs höfuðstóls. Nánari upplýsingar um iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól má lesa í tryggingaskírteini þínu.

1) Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingarinnar - þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðin meira en sex mánuðir – að viðbættu því sem liðið er af biðtímanum.

§ 16 Hvenær geturðu sagt tryggingunni upp?

(1) Þú getur sagt tryggingu þinni upp skriflega fyrir upphaf lífeyristöku á eftirfarandi tíma:

- iðgjaldsskyldum tryggingum í lok tryggingartímabils

- iðgjaldsfríum tryggingum í lok yfirstandandi mánaðar.

(2) Segir þú tryggingunni upp og þátturinn höfuðstóll við andlát er innifalinn greiðum við endurkaupsvirðið - ef til er. Það er reiknað samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar sem gangvirði tryggingarinnar við lok yfirstandandi tryggingatímabils (§ 176 VVG).

(3) Við útreikning endurkaupsvirðis fer fram frádráttur (§ 176 VVG).

Ef tryggingin er iðgjaldsskyld þegar til uppsagnar kemur samsvarar upphæð frádráttarins þeim frádrætti sem til kæmi ef henni væri breytt í iðgjaldsfria tryggingu á sam tímamarki.

Ef tryggingin er iðgjaldsfrí þegar henni er sagt upp nemur frádrátturinn 50 evrur.

Frádrátturinn fellur niður á síðasta ári biðtímans. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil fellur frádrátturinn niður að grunntímabilinu loknu og einu ári fyrir þann tíma.

Ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu hefur náð að minnsta kosti reikningsaldurinum¹⁾ 55 ára, fellur frádrátturinn niður innan síðustu 5 ára biðtímans. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil fellur frádrátturinn niður í lok grunntímabils og innan síðustu 5 ára grunntímabilsins.

Þú átt rétt á að færa sönnur á að frádráttur eigi alls ekki við í þínu tilviki eða aðeins í mun minni mæli.

Endurkaupsvirðið sem þannig er fundið lækkar enn frekar sem nemur ógreiddum gjaldföllum iðgjöldum.

(4) Segir þú upp tryggingu þinni og þátturinn höfuðstóll við fráfall er ekki innfalinn en þó annaðhvort endurgreiðsla iðgjalds eða eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku gildir:

- Ef þú hefur samið um endurgreiðslu iðgjalds reiknast endurkaupsvirði samkvæmt málsg. 2 og 3. Ef útreiknað endurkaupsvirði er ekki hærra en endurgreiðsla iðgjalds við fráfall greiðum við það út að fullu. Ef endurkaupsvirðið er hærra en endurgreiðsla iðgjalds við fráfall skerðum við það um frekari frádrátt. Þennan frádrátt reiknum við sem hundraðshluta mismunarins á endurkaupsvirði og endurgreiðslu iðgjalds við andlát. Hundraðshlutinn nemur 6% auk 1,5% fyrir hvert ár sem eftir er af biðtímanum við uppsögn, þó að hámarki 30%. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er eingöngu tekið tillit til biðtíma til loka grunntímabils. Heildarfjárhæðin sem greidd er út jafngildir endurkaupsvirði tryggingarinnar. Með útborgun endurkaupsvirðisins fellur tryggingin niður.

Ef í tryggingu þinni er grunntímabil fellur frádrátturinn niður ef þú segir tryggingunni upp við lok grunntímabils eða síðar.

Þú átt rétt á að færa sönnur á að frádráttur eigi alls ekki við í þínu tilviki eða aðeins í mun minni mæli.

- Ef þú hefur samið um eftirlifendalífeyri fyrir upphaf lífeyristöku reiknast endurkaupsvirði samkvæmt málsg. 2 og 3. Ef útreiknað uppsagnarvirði er ekki hærra en 20-faldur árlegur eftirlifendalífeyrir greiðum við það út að fullu. Ef uppsagnarvirðið er hærra en 20-faldur árlegur eftirlifendalífeyris skerðum við það um frekari frádrátt. Þennan frádrátt reiknum við sem hundraðshluta mismunarins á uppsagnarvirði og 20-földum árlegum eftirlifendalífeyri. Hundraðshlutinn nemur 6% auk 1,5% fyrir hvert ár sem eftir er af biðtímanum við uppsögn, þó að hámarki 30%. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er eingöngu tekið tillit til biðtíma til loka grunntímabils. Heildarfjárhæðin sem greidd er út jafngildir endurkaupsvirði tryggingarinnar. Með útborgun endurkaupsvirðisins fellur tryggingin niður.

Ef í tryggingu þinni er grunntímabil fellur frádrátturinn niður ef þú segir tryggingunni upp við lok grunntímabils eða síðar.

Þú átt rétt á að færa sönnur á að frádráttur eigi alls ekki við í þínu tilviki eða aðeins í mun minni mæli.

(5) Segir þú upp tryggingu þar sem ekki eru fyrir hendi þátturinn höfuðstóll við andlát, engin endurgreiðsla iðgjalds og enginn eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun gildir:

- Ef í tryggingu þinni er grunntímabil og ef þú segir henni upp eftir lok grunntímabilsins greiðum við útreiknað endurkaupsvirði samkvæmt málsg. 2 og 3. Ef tryggingunni er sagt upp á grunntímabilinu gerum við hana iðgjaldsfria samkvæmt § 15 málsg. 1 ef greidd voru reglubundin iðgjöld þegar til uppsagnar kom. Ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir er lægri en 200 evrur á ári eða ef iðgjaldsfrír tryggður höfuðstóll er lægri en 3.000 evrur greiðum við þess í stað endurkaupsvirðið sem reiknað er samkvæmt málsg. 2 og 3. Tryggingu, sem þegar er orðin iðgjaldsfrí, geturðu ekki sagt upp á grunntímabilinu.
- Ef í tryggingunni er ekkert grunntímabil gerum við hana iðgjaldsfria samkvæmt § 15 málsg. 1 ef greidd voru reglubundin iðgjöld þegar til uppsagnar kom. Ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir er lægri en 200 evrur á ári eða ef iðgjaldsfrír tryggður höfuðstóll er lægri en 3.000 evrur greiðum við þess í stað endurkaupsvirðið sem reiknað er samkvæmt málsg. 2 og 3. Tryggingu, sem þegar er orðin iðgjaldsfrí, geturðu ekki sagt upp.

1) Reikningsaldur er aldur hins tryggða við upphaf tryggingarinnar - þá er aldursári sem er hafid en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir – að viðbættu því sem liðið er af biðtímanum.

(6) Uppsögn tryggingar þinnar hefur ókosti í för með sér. Í byrjun tryggingartímans er ekkert endurkaupsvirði fyrir hendi vegna gjaldfærslu kostnaðar við gerð samningsins (sjá § 25).

Næstu árin getur endurkaupsvirði líka verið lægra en innborguð iðgjöld. Nánari upplýsingar um endurkaupsvirði má lesa í tryggingarskírteininu þínu.

§ 17 Hvenær geturðu komið upprunalegri tryggingarvernd aftur á eftir að hafa haft trygginguna iðgjaldsfría?

(1) Innan 6 mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí geturðu farið fram á það að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslna verði tryggðar greiðslur hækkaðir án áhættukönnunar upp í þá tryggingarvernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef fleiri þættir eru innifaldir er það skilyrði við endurupptöku iðgjaldsgreiðslna

- þar sem örorkubótapáttur er innifalinn, að hinn tryggði sé ekki óvinnufær
- þar sem umönnunarpáttur er innifalinn, að hinn tryggði sé ekki umönnunarþurfi
- þar sem þáttur barnafrámærslu er innifalinn, að hinn tryggði sé ekki umönnunarþurfi og að hinn tryggði forsjáradili sé hvorki látinn né óvinnufær.

(2) Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 2 ára frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí, krefjast þess að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslna verði tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll hækkaðir upp í þá tryggingarvernd sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef tryggingin varð iðgjaldsfrí vegna foreldraorlofs getur fresturinn, milli þess sem tryggingin varð iðgjaldsfrí og fram að endurheimt upphaflegu gildandi tryggingarverndar, líka verið lengri en 2 ár; endurheimtin verður þó að eiga sér stað í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá lokum foreldraorlofs.

Forsenda fyrir endurheimt tryggingarverndar sem gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí er að áhættustaða hins tryggða þegar samningnum er breytt mundi leyfa gerð samnings um nýja sambærilega tryggingu eftir samþykktarreglum okkar án þyngri skilyrða.

(3) Iðgjöldin fyrir iðgjaldsfría tímunn geturðu greitt eftir á. Í stað þess er einnig hægt að lækka tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól eða þú getur greitt hærri iðgjöld jafnóðum.

Hærri iðgjöld jafnóðum eða lægri tryggður lífeyrir og lægri tryggður höfuðstóll ákvarðast af viðkomandi gjaldskrárákvæðum þáttanna við endurheimt tryggingarinnar. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

§ 18 Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

(1) Við tökum að okkur tryggingarverndina í trausti þess að þú hafir svarað öllum spurningum í tengslum við tryggingarumsóknina sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust (tilkynningaskylda fyrir samningsgerð). Þetta á einkum við um spurningar sem lúta að núverandi eða fyrri veikindum, lasleika og óþægindum sem og störfum hins tryggða eða eins hinna tryggðu.

(2) Eigi að tryggja líf einhvers annars er sá líka, - auk þín -, ábyrgur fyrir sönnnum og undandrátarlausum svörum við spurningunum.

(3) Ef þú eða hinn tryggði eða einn hinna tryggðu (sjá málsg. 2) gerir ekki eða ekki réttilega grein fyrir málsatvikum sem skipta máli varðandi yfirtöku tryggingarverndarinnar getum við rift samningnum innan 3ja ára frá gerð samningsins, og eins þegar til tryggingartilviks kemur fyrstu 3 árin frá því er þessum fresti lauk. Við getum þó því aðeins lýst yfir riftun innan eins mánaðar frá því er við

fréttum af broti gegn tilkynningaskyldunni; vitneskja miðlara jafngildir ekki vitneskju okkar.

Ef okkur er sannað að rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi ekki verið gefnar með saknæmum hætti er riftun okkar tilefnislaus.

Ef við höfum lýst yfir riftun eftir að til tryggingartilviks kom helst greiðsluskylda okkar óhöggud ef okkur er sannað að málsatvikin sem ekki eða ekki var fyllilega gerð grein fyrir hafa engin áhrif á tilkomu tryggingartilviksins eða umfang greiðslu okkar.

(4) Við getum einnig véfengt tryggingarsamninginn ef okkur eru meðvitað og vísvitandi gefnar rangar upplýsingar til að hafa áhrif á ákvörðun okkar um samþykki. Ef um er að ræða upplýsingar hins tryggða eða eins hinna tryggðu getum við lýst yfir véfengingu gagnvart þér, jafnvel þó að þér sé ekki kunnugt um að brotið hafi verið gegn tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð.

(5) Málsg. 1 til 4 gilda einnig um upplýsingar sem veita skal vegna breytinga sem víkka greiðsluskyldu okkar eða við endurheimt tryggingarinnar.

Þriggja ára frestur samkvæmt málsg. 3, fyrstu setningu, hefst á sama hátt á ný með breytingu eða endurheimt tryggingarinnar hvað varðar breytta eða endurheimta hluta hans.

(6) Ef samningurinn er afturkallaður með riftun eða véfengingu greiðum við endurkaupsvirðið samkvæmt § 16.

(7) Hafir þú ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmann telst tryggingarþegi hafa umboð til þess, að þér látnum, að taka við riftunar- eða véfengingaryfirlýsingu frá okkur. Ef enginn tryggingarþegi er fyrir hendi eða reynist ekki hægt að finna aðsetur hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskrteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

§ 19 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna?

(1) Meginreglan er að greiðsluskylda okkar helst óháð því hvaða orsök veldur bótaskyldunni. Við veitum einnig og sér í lagi tryggingarvernd ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Við andlát hins tryggða eða eins hinna tryggðu í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsatburði takmarkast greiðsluskylda okkar vegna ellilífeyrisþáttarins og innifalins þáttar höfuðstóls við andlát reyndar við endurkaupsvirðið eins og það reiknast á andlátsdegi, ef greiða ætti það við uppsögn á sama tímamarki (§ 16). Frádráttur samkvæmt § 16, málsg. 3, fer ekki fram. Þessi takmörkun greiðsluskyldu okkar fellur niður ef hinn tryggði eða einn hinna tryggðu lætur lífið í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsatburði sem hann lenti í meðan hann dvaldi utan Sambandslýðveldisins Þýskalands og tók ekki virkan þátt í.

(3) Við fráfall hins tryggða eða eins hinna tryggðu í beinu eða óbeinu samhengi við notkun kjarna-, sýkla- eða efnavopna af ásettu ráði eða notkun eða losun geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna af ásettu ráði takmarkast greiðsluskylda okkar vegna ellilífeyrisþáttarins og innifalins þáttar höfuðstóll við andlát reyndar við greiðslu endurkaupsvirði eins og það reiknast á andlátsdegi (§ 16), ef notkunin eða losunin stefndi að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu. Frádráttur samkvæmt § 16, málsg. 3, fer ekki fram. Málsg. 2 helst óbreytt.

(4) Gildi takmörkun greiðsluskyldu okkar við fráfall hins tryggða samkvæmt málsg. 2 eða málsg. 3 lækka greiðslur úr inniföldum þáttum eftirlífendalífeyris niður í gangvirði sem við getum leitt af reiknuðu endurkaupsvirði á andlátsdegi samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingafræðinnar án frádráttar (samsvarandi § 176, málsg. 3 VVG).

§ 20 Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?

(1) Við sjálfsvíg greiðum við ef 3 ár eru liðin frá gerð tryggingasamningsins eða frá endurheimt samningsins (§ 17).

(2) Við sjálfsvíg fyrir lok þriggja ára frestsins helst tryggingarverndin aðeins ef okkur er sannað að vígið hafi verið framið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun eða undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga. Að öðrum kosti takmarkast greiðsluskylda okkar vegna ellilífeyrisþáttarins og innifalda þáttarins höfuðstóll

við andlát við reiknað endurkaupsvirði á andlátsdegi (§ 16), að hámarki við umsamda greiðslu við andlát. Frádráttur samkvæmt § 16, málsg. 3, fer ekki fram.

(3) Gildi takmörkun greiðsluskyldu okkar við fráfall hins tryggða samkvæmt málsg. 2 lækka greiðslur úr inniföldum þáttum eftirlífendalífeyris niður í gangvirði sem við getum greitt af reiknuðu endurkaupsvirði á andlátsdegi samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingafræðinnar án frádráttar (samkvæmt § 176, málsg. 3 VVG).

§ 21 Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?

(1) Þegar krafist er greiðslu samkvæmt tryggingarsamningnum getum við krafist þess í hvert sinn að tryggingarskrteinið sé lagt fram og opinbert vottorð um fæðingardag hins tryggða eða allra hinna tryggðu.

(2) Ef krafist er bótagreiðslu sem ekki er vegna andláts hins tryggða eða eins hinna tryggðu getum við í hvert sinn krafist þess að lagt verði fram á okkar kostnað opinbert vottorð þess efnis að hinn tryggði sé enn á lífi.

(3) Andlát hins tryggða eða eins hinna tryggðu ber að tilkynna okkur tafarlaust. Auk þeirra gagna sem tilgreind eru í málsg. 1 skal afhenda okkur opinbert dánarvottorð þar sem tilgreindur er aldur og dánarstaður. Lífeyrisgreiðslur sem tekið er við í heimildarleysi ber að endurgreiða okkur.

(4) Ef þáttur eftirlifendalífeyris er innifalinn eða ef þú hefur samið um endurgreiðslu iðgjalds ber að auki að senda okkur eftirtalin gögn:

- ef tryggingin er án áhættukönnunar: vottorð um dánarorsök,
- ef tryggingin er með áhættukönnun: ítarlegt læknisvottorð eða opinbert vottorð um dánarorsök

sem og um byrjun og feril sjúkdómsins sem dró hinn tryggða eða einn hinna tryggðu til dauða.

(5) Til að sannreyna greiðsluskyldu okkar getum við krafist frekari nauðsynlegra sannana og sjálf gert nauðsynlegar rannsóknir. Kostnað sem tengist gagnaöflun ber sá sem krefst tryggingargreiðslunnar.

(6) Við yfirferum greiðslur okkar til þess sem veita má greiðslunum viðtöku, á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins tekur sá sem veita má greiðslunum viðtöku einnig áhættuna sem tengist því.

§ 22 Hvað felst í tryggingarskírteininu?

(1) Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til þess að hafa umráð yfir réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við greiðslum. En við getum krafist þess að eigandi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

(2) Í þeim tilvikum sem tilgreind eru í § 24, málsg. 4, þurfum við aðeins að viðurkenna réttarsönnunina ef við höfum móttekið skriflega tilkynningu fyrri réttshafa.

§ 23 Hvað gildir um tilkynningar sem varða tryggingarsambandið?

(1) Tilkynningar sem varða tryggingarsambandið skulu ávallt vera skriflegar. Tilkynningar sem beint er til okkar taka gildi um leið og þær berast okkur. Tryggingaumboðsmenn hafa ekki umboð til að veita þeim viðtöku.

(2) Þú verður að tilkynna okkur tafarlaust um breytt pósthfang. Að öðrum kosti geta hlotist af ókostir fyrir þig vegna þess að við getum sent viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það pósthfang sem okkur var síðast kunnugt um. Í því tilvikum tekur yfirlýsing okkar gildi á þeirri stundu sem ætla mætti að hún hefði borist þér með reglubundnum hætti

án breytingar á pósthfangi. Þetta á einnig við ef tryggingin er tekin í nafni fyrirtækis þíns og þú flutt pósthfang fyrirtækisins.

(3) Málsg. 2 gildir á sama hátt um nafnbreytingu.

(4) Ef þú dvelur langdvölum utan Sambandslýðveldisins Þýskalands ættir þú, líka eigin hagsmuna vegna, að tilnefna mann sem býr innanlands og hefur umboð til að taka við tilkynningum okkar til þín (póstfulltrúa).

§ 24 Hver fær tryggingargreiðslurnar?

(1) Greiðslurnar samkvæmt tryggingarsamningnum innu við af hendi til þín sem tryggingartaka okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan einstakling sem á að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum þegar til bótaskyldu kemur (tryggingarþegi). Þangað til að bótaskyldu kemur getur þú afturkallað rétt tryggingarþegans hvenær sem er.

(2) Þú getur kveðið skýrt á um að tryggingarþeginn eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum strax og órifftanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína er aðeins hægt að nema þennan rétt tryggingarþegans úr gildi með samþykki þess sem þú tilgreindir.

(3) Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt tryggingarsamningnum.

(4) Veiting og afturköllun tryggingarþegaréttar og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt tryggingarsamningnum öðlast aðeins og fyrst þá gildi gagnvart okkur þegar fyrrverandi tryggingarþegi hefur tilkynnt okkur um það skriflega. Fyrrverandi tryggingarþegi er yfirleitt þú; en það geta líka verið aðrir ef þú hefur þegar gert viðeigandi ráðstafanir.

§ 25 Hvernig er kostnaður við samningsgerð dreginn af iðgjöldum þínum?

(1) Við gerð tryggingasamnings fellur til kostnaður. Þessi svonefndi samningsgerðarkostnaður (§ 43 málsg. 2 reglugerðar um reikningsskil tryggingafélaga) er innifalinn í gjaldskrárútreikningnum. Hann er ekki innheimtur sérstaklega heldur dregst hann af iðgjöldunum.

(2) Í tryggingarsamningnum þínum er gert ráð fyrir uppgjörsaðferð samkvæmt § 4 bótasjóðsreglugerðar (Zillmer-aðferð). Þar eru fyrstu iðgjöldin notuð til að greiða niður hluta kostnaðar við gerð samningsins. Upphæðin sem greiða skal niður með fyrstu iðgjöldunum takmarkast samkvæmt ofangreindri bótasjóðsreglugerð við 4% iðgjalda þinna

á öllum líftíma samningsins.

Sú aðferð við uppgjör kostnaðar við samningsgerð sem hér var lýst hefur engin áhrif á umsamda tryggingarvernd. Hún helst óskert alveg frá byrjun. Niðurgreiðsla kostnaðar við gerð samningsins hefur það hins vegar í för með sér að í byrjun eru engin iðgjöld til ráðstöfunar til myndunar iðgjaldsfrís tryggðs lífeyris eða endurkaupsvirðis. Þróun iðgjaldsfrís tryggðs lífeyris og endurkaupsvirðis tryggingarinnar má sjá í tryggingarskírteininu.

§ 26 Hvaða kostnað getum við innheimt hjá þér sérstaklega?

(1) Ef eitthvað af þínum völdum orsakar aukaleg stjórnsluumsvif getum við í slíkum tilvikum - ef ekki var samið um annað - reiknað þér meðaltalskostnað sérstaklega til skuldar sem fast gjald. Þetta gildir við

- útgáfu varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrits af tryggingarskírteininu
- skriflega veitingu gjaldfrests ef framhaldsiðgjöld voru ekki greidd
- vanskil iðgjalda
- endursendingu skuldfærslubeiðna
- frágang samningsbreytinga
- vinnu við afsöl og veðsetningar

- iðgjaldssendingar frá þér frá stað eða greiðslusendingar frá okkur til staðar utan Sambandslýðveldisins Þýskalands.

(2) Hæð kostnaðar af ástæðum sem tilgreindar eru í málsg. 1 getur séð í meðfylgjandi kostnaðaryfirliti. Við getum breytt kostnaðinum til frambúðar ef sanngjarnt má teljast (sjá § 315 Borgaralegrar lögbókar). Gildandi kostnaðaryfirlit hverju sinni getur fengið frá okkur hvenær sem er. Ef kostnaður sem til verður af ástæðum sem tilgreindar eru í málsg. 1 er ekki skráður í kostnaðaryfirlitinu helst málsg. 1 þó ósnortinn.

(3) Þú hefur möguleika á að færa sönnur fyrir því að í tilfalli af þínum völdum hafi ekki orðið til nein eða minni umsvif og kostnaður.

§ 27 Hvernig öðlast þú hlutdeild í hagnaði okkar?

Við veitum þér og hinum tryggingartökunum hlutdeild í hagnaði okkar sem fram kemur í ársuppgjöri.

(1) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hlutdeild tryggingartaka í hagnaði

(a) Hagnaðurinn fæst aðallega með tekjum af fjárfestingum. Af nettótekjum þeirra fjárfestinga sem ætlaðar eru til tryggingargreiðslna í framtíðinni samkvæmt § 3 í Reglugerð um lágmarks endurgreiðslu iðgjalds við líftryggingu fá tryggingartakarnir að minnsta kosti þann hluta sem tilgreindur er í reglugerðinni. Með þessari upphæð er fyrst fjármögnuð tryggð ávöxtun bótasjóðsins. Fjármagnstekjunum sem þá eru eftir ráðstöfum við sem hlutdeild tryggingartaka í hagnaði.

Frekari hagnaður verður til ef dánartíðni og kostnaður verða hagstæðari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tryggingartakar öðlast einnig sanngjarna hlutdeild í þessum hagnaði.

(b) Einstakar tryggingar leggja mismunandi mikið af mörkum til hagnaðarinnar. Við höfum því sett sambærilegar tryggingar saman í flokka. Hagnaðarflokka myndum við til að taka tillit til áhættunnar sem er tryggð, t.d. andláts- eða örorkuáhættu. Undirflokkar miðast við sérkenni samninga, t.d. upphaf tryggingar og form iðgjaldagreiðslu. Hagnaður sem fellur tryggingatökum í skaut dreifist sanngjarnt á flokkana eftir framlagi þeirra.

(2) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hlutdeild samnings þíns í hagnaði.

(a) Til hvaða flokks tryggingarþáttur þinn telst má lesa í tryggingarskírteininu. Samkvæmt þeirri flokkun veitum við í byrjun hvers tryggingarárs þætti þínum hlutdeild í áunnum hagnaði (árlegir hagnaðarhlutar). Auk þess getur hlutdeild í lokahagnaði bæst við í samningslok eða við upphaf ellilífeyristöku. Við birtum prósentur hagnaðarhlutdeilda í ársskýrslunni eða tilkynnum þér þær sérstaklega með öðrum hætti

(b) Stuðlarnir, sem prósentur hagnaðarhlutdeildar miðast við, fara einkum eftir tryggingarþætti, aldri hins tryggða, lengd tryggingar og hæð tryggðs höfuðstóls. Þeir eru reiknaðir út skv. viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar.

(c) Á biðtímanum fjármögnum við með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns sem og með árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta - ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda - iðgjaldsfrían rétt til aukagreiðslu (iðgjaldabónus).

Iðgjaldabónus myndast úr sömu þáttum og trygging þín en í honum felst þó ekki þátturinn höfuðstóll við andlát af slysförum. Ef þátturinn höfuðstóll við andlát er innifalinn samsvarar höfuðstóll við andlát í iðgjaldabónus alltaf tryggðum höfuðstól til ellilífeyris. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er tryggður höfuðstóll til ellilífeyris við lok grunntímabils ráðandi. Að öðru leyti eru greiðslur úr bónusnum í sama hlutfalli innbyrðis og greiðslur úr tryggingu þinni með eftirfarandi undantekningum:

- Ef eftirlifendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku er innifalinn gilda eftirfarandi takmörk um eftirlifendalífeyri úr bónus: Hann má ekki vera hærri en innifalinn eftirlifendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er heimilaður eftirlifendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku við lok grunntímabils ráðandi.

Hann má ekki vera hærri en ellilífeyrir, ef enginn eftirlifendalífeyrir eftir upphaf lífeyristöku er innifalinn. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er heimilaður ellilífeyri eftir upphaf lífeyristöku við lok grunntímabils ráðandi.

- Ef örorkulífeyrir er innifalinn má örorkulífeyririnn ekki vera hærri en ellilífeyririnn. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil er heimilaður ellilífeyri eftir upphaf lífeyristöku við lok grunntímabils ráðandi.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af ráðandi reglum þáttarins.

Iðgjaldabónus á aftur hlutdeild í hagnaðinum.

(d) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta - ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda - hagnaðarlífeyri. Í honum felst aukalegur iðgjaldsfrír ellilífeyrir og hækkun áður áunnins ellilífeyris. Ef þáttur eftirlifendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku er innifalinn, felur hagnaðarlífeyrir líka í sér eftirlifendalífeyri. Hlutfall hans við ellilífeyrinn er jafnt og samsvarandi hlutfall við upphaf lífeyristöku. Árleg hækkun heildargreiðslu fer fyrst fram ári eftir að lífeyrisgreiðsla hefst, þá er fundin út hækkun heildargreiðslu fyrra árs í prósentum.

Breyting á prósentu hagnaðarhlutdeildar getur ekki aðeins breytt framtíðarhækkunum heldur einnig greiðslum sem þegar eru til komnar vegna hagnaðarhlutdeildar. Við byrjun lífeyrisgreiðslu og við allar síðari breytingar upplýsum við þig um upphæð áðurnefndrar iðgjaldsfrírrar aukagreiðslu og hækkunarhlutfallið.

(e) Auk árlegra hagnaðarhluta getur hlutdeild í lokahagnaði bæst við

- í lok samnings vegna uppsagnar, við nýtingu höfuðstólsvalréttar eða við andlát eða
- frá upphafi töku ellilífeyris.

Hæð þessara hagnaðarhluta í lokin er ákvörðuð með tilliti til arðseminnar hverju sinni og þróunar dánartíðni. Bæstist hlutdeild í lokahagnaði við þegar samningi lýkur er hún greidd út í einu lagi. Með hagnaðarhluta í lokin við byrjun ellilífeyrisgreiðslu fjármögnum við hækkun hagnaðarlífeyris (sjá bókstaf d) sem ekki er hægt að ábyrgjast.

§ 28 Hvaða réttarreglur gilda um samninginn?

Um samninginn gildir réttur Sambandslýðveldisins Þýskalands.

§ 29 Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?

(1) Kröfur samkvæmt tryggingarsamningnum getur þú borið fram fyrir þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem skrifstofa okkar eða útibú er. Hafi tryggingin komist á fyrir milligöngu tryggingaumboðsmanns má einnig hafa samband við dómstól á þeim stað þar sem umboðsaðilinn var með útibú þegar miðlunin átti sér stað eða, ef um slíkt var ekki að ræða, þar sem hann bjó.

(2) Við getum borið fram kröfur út af tryggingarsamningi þessum hjá þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú býrð. Rekir þú fyrirtæki getum við lögum samkvæmt einnig rekið mál fyrir dómstól þess staðar þar sem aðsetur eða útibú fyrirtækisins er að finna.

Breytingar og viðbætur við Almenna tryggingarskilmála fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir

Hvað gildir þegar samið er um frávik í notkun hagnaðarluta á biðtímanum?

(1) Ef þú hefur samið um einstaklingsbundinn iðgjaldabónus í bakábyrgðartryggingu:

FL 1 § Í stað § 27, málsg. 2 c kemur:

„(c) Með árlegum hagnaðarluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við á biðtímanum iðgjaldsfrían rétt til aukagreiðslu (einstaklingsbundinn iðgjaldabónus).

Í þessari greiðslu felst aukalegur tryggur höfuðstóll til ellilífeyris sem og aukalegur höfuðstóll við andlát. Í höfuðstóli við andlát samsvara bónusgreiðslurnar alltaf tryggðum höfuðstóli til ellilífeyris. Ef í tryggingu þinni er grunntímabil, þá er tryggður höfuðstóll til ellilífeyris við lok grunntímabils ráðandi. Upphæð bónusgreiðslna fer eftir ákvæðum viðkomandi þátta. Iðgjaldabónus á hins vegar hlutdeild í hagnaðinum.“

(2) Ef þú hefur samið um „lífendabónus tilbrigði E“:

FL 2 § Í stað § 27, málsg. 2 c kemur:

„(c) Með árlegum hagnaðarluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við á biðtímanum iðgjaldsfrían rétt til aukalegs tryggðs lífeyris (einstaklingsbundinn bónus við lífun).

Hafir þú samið um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku felst sú andlátstryggingarvernd einnig í lífendabónus. Lífendabónus á hins vegar hlutdeild í hagnaðinum og gjaldfellur um leið og tryggður lífeyrir úr grunnþættinum.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af ráðandi reglum þáttarins.

(3) Ef þú hefur samið um „lífendabónus tilbrigði T“:

FL 3 § Í stað § 27, málsg. 2 c kemur:

„(c) Með árlegum hagnaðarluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við á biðtímanum iðgjaldsfrían rétt til aukalegrar greiðslu (bónus við lífun).

Í þessum greiðslum felst fyrst aukalegur tryggður lífeyrir. Frá þeim tíma þegar heildarupphæð gangvirðis grunnþáttarins, þáttarins höfuðstóll við andlát og lífendabónussins yrði hærri en heildargreiðsla við andlát felur lífendabónusinn einnig í sér aukalegan þátt höfuðstóls við andlát. Hann er þannig gerður að heildarupphæð gangvirðis grunnþáttarins, þáttarins höfuðstóll við andlát og lífendabónussins samsvarar heildargreiðslu við andlát.

Hafir þú samið um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku felst sú andlátstryggingarvernd einnig í lífendabónus. Lífendabónus á aftur hlutdeild í hagnaðinum og gjaldfellur með greiðslunni úr grunnþættinum.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af ráðandi reglum þáttarins.“

FL 4 (4) Ef þú hefur samið um „millifærslu“ innan hópsamninga:

Svo lengi sem iðgjöld eru greidd á biðtímanum gildir eftirfarandi í stað ákvæðanna í § 27 málsg. 2 c:

„Árlegir hagnaðarlutar koma til lækkunar á iðgjöldum eftir því hvernig þau eru greidd eða eru færðir til tekna á iðgjaldareikningi samningsaðilans.“

Hvað gildir þegar samið er um frávik í notkun hagnaðarhlutdeildar eftir að lífeyrisgreiðsla hefst?

(1) Ef þú hefur samið um „útborgun hagnaðarhluta“:

FL 5 Í stað § 27, málsg. 2 d og 2 e kemur:

„(d) Eftir upphaf lífeyristöku greiðum við árlega hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlega hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – í reiðufé ásamt ellilífeyrinum í samræmi við greiðsluhátt hans, fyrst á þeim degi þegar 1 ár er liðið frá upphafi lífeyristöku.“

(e) Auk árlegra hagnaðarhluta getur hlutdeild í lokahagnaði bæst við í samningslok eða við byrjun ellilífeyrisgreiðslu. Hæð þessa hagnaðarhluta í lokin er ákveðin með tilliti til arðseminnar hverju sinni og þróunar dánartíðni. Bæst hlutdeild í lokahagnaði við þegar samningi lýkur er hún greiddur út í einu lagi. Með hagnaðarhluta í lokin við byrjun ellilífeyrisgreiðslu fjármögnum við hækkun tryggðs lífeyris.“

(2) Ef þú hefur samið um „viðbótarlífeyri“:

FL 6 Í stað § 27, málsg. 2 d og 2 e kemur:

„(d) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – árlega, á þeim degi sem lífeyrisgreiðsla hófst, aukalega iðgjaldsfría greiðslu. Í henni felst ellilífeyrir og, ef þátturinn eftirlífendalífeyrir er innifalinn, eftir upphaf lífeyristöku, eftirlífendalífeyrir. Hlutfall þeirra við ellilífeyrinn er jafnt og samsvarandi hlutfall við upphaf lífeyristöku. Viðbótargreiðslurnar á hverjum tíma eiga, eins og tryggðu greiðslurnar sjálfar, hlutdeild í hagnaðinum með iðgjaldsfríum viðbótargreiðslum.“

(e) Auk árlegra hagnaðarhluta getur hlutdeild í lokahagnaði bæst við í samningslok eða við byrjun ellilífeyrisgreiðslu. Hæð þessa hagnaðarhluta í lokin er ákveðin með tilliti til arðseminnar hverju sinni og þróunar dánartíðni. Bæst hlutdeild í lokahagnaði við þegar samningi lýkur er hún greiddur út í einu lagi. Með hagnaðarhluta í lokin við byrjun ellilífeyrisgreiðslu fjármögnum við hækkun tryggðs lífeyris.“

(3) Ef þú hefur samið um „samsettan hagnaðarlífeyri“:

FL 7 Í stað § 27, málsg. 2 d kemur:

„(d) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – samsettan hagnaðarlífeyri. Í honum felst aukalegur iðgjaldsfrír ellilífeyrir og hækkun áður áunnins ellilífeyris. Ef þátturinn eftirlífendalífeyrir er innifalinn eftir upphaf lífeyristöku felur samsettur hagnaðarlífeyrir einnig í sér eftirlífendalífeyri. Hlutfall þeirra við ellilífeyrinn er jafnt og samsvarandi hlutfall við upphaf lífeyristöku. Árleg hækkun heildargreiðslu fer fyrst fram 6 árum eftir að lífeyrisgreiðsla hefst og þá er fundin út hækkun heildargreiðslu fyrra árs í prósentum.“

Breyting prósentu hagnaðarhlutdeildar getur ekki aðeins breytt framtíðarhækkunum heldur einnig greiðslum sem þegar eru til komnar vegna hagnaðarhlutdeildar. Við upplýsum þig við byrjun lífeyrisgreiðslu og við allar seinni breytingar um upphæð áður nefndrar iðgjaldsfrírrar aukagreiðslu og hækkunarhlutfallið.“

Í stað § 27 málsg. 2 e, síðustu setningar kemur:

„Með hagnaðarhluta í lokin, við byrjun ellilífeyrisgreiðslu, fjármögnum við hækkun samsetts hagnaðarlífeyris (sjá bókstaf d) sem ekki er hægt að ábyrgjast.“

Hvað gildir um tryggingar innan hópsamninga?

FL 8 1. Orðin „trygging“ og „samningur“

eiga - sérstaklega varðandi tryggingargreiðslur og fresti - við hina einstöku (hluta-)tryggingu en ekki við hópsamninginn.

2. „Iðgjald“ í § 9 á við upphafsstöðu hópsamningsins.
3. Réttaráhrif við greiðsluvanskil, sem nefnd eru í § 11, gilda um hópsamninginn þótt aðeins sé um vanskil að hluta að ræða.“

Hvað gildir um tryggingar á sértöxtum?

FL 9 í stað § 15 málsgr. 1, 4. setningar kemur:

„Frádrátturinn nemur 50 evrum að viðbættu 1% af samtölu iðgjalda fyrir ellilífeyrisþáttinn á því umsamda iðgjaldsgreiðslutímabili sem eftir er.“

Ef þáttur til sameiginlegrar framfærslu eftirlífenda er innifalinn í tryggingu þinni:

§ 1 málsgr. 2 og 3 falla brott.

Í stað § 4 málsgr. 5 kemur:

„(5) Ef í tryggingu þinni er grunntímabil og hafirðu flýtt greiðslu samkvæmt § 5 fram að lokum grunntímabils geturðu, að teknu tilliti til þess frests sem tilgreindur er í málsgr. 1, fengið greiðslu höfuðstóls í stað tryggðs lífeyris. Með útborgun höfuðstóls á lífeyrisgreiðslutíma sem hefur verið flýtt falla allir þættir niður.“

Í stað § 16 málsgr. a 4 og 5 kemur:

„(4) Ef í tryggingu þinni er grunntímabil og ef þú segir tryggingunni upp eftir lok grunntímabilsins greiðum við útreiknað endurkaupsvirði samkvæmt málsgr. 2 og 3. Ef þú segir tryggingu þinni upp miðað við einhvern annan tíma og greiðir iðgjöld jafnóðum gerum við tryggingu þína iðgjaldsfria samkvæmt § 15 málsgr. 1. Ef iðgjaldsfri tryggður lífeyrir er lægri en 200 evrur á ári greiðum við þess í stað endurkaupsvirðið sem reiknað er samkvæmt málsgr. 2 og 3. Með útborgun endurkaupsvirðisins fellur tryggingin niður. Ef trygging þín er iðgjaldsfri geturðu ekki sagt henni upp miðað við einhvern annan tíma.

Ef ekkert grunntímabil er innifalið í tryggingunni og ef þú segir tryggingunni upp og greiðir reglubundin iðgjöld gerum við trygginguna iðgjaldsfria samkvæmt § 15 málsgr. 1. Ef iðgjaldsfri tryggður lífeyrir er lægri en 200 evrur á ári greiðum við þess í stað endurkaupsvirðið sem reiknað er samkvæmt málsgr. 2 og 3. Með útborgun endurkaupsvirðisins fellur tryggingin niður. Ef trygging þín er iðgjaldsfri geturðu ekki sagt henni upp.“

Ef þáttur til sameiginlegrar framfærslu eftirlífenda er innifalinn í tryggingu þinni og ef grunntímabil er innifalið í tryggingunni gildir auk þess:

§ 4 málsgr. 1 og 3 falla brott.

Hvað gildir um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja?

FL 10

(1) Einstök viðbótargreiðsla eftir breytingu í iðgjaldsfria tryggingu

Um tryggingar sem samið var um innan ramma ellilífeyris fyrirtækis gildir að eftir umbreytingu í iðgjaldsfria tryggingu getur þú innan 6 mánaða hækkað iðgjaldsfria tryggðan lífeyri með einstakri viðbótargreiðslu og án áhættukönnunar. Hækkunin getur þó aðeins náð hæð iðgjaldsskylds tryggðs lífeyris sem tryggður var þegar tryggingin varð iðgjaldsfri.

Ef fleiri þættir felast í iðgjaldsfri tryggingunni hækka tryggðar greiðslur úr þeim þannig að hlutfall greiðslna úr einstökum þáttum hvers til annars helst það sama og í iðgjaldsfri tryggingunni.

Hækkun iðgjaldsfri tryggingagreiðslunnar sem verður til við viðbótargreiðsluna er reiknuð út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar og miðast við viðeigandi gjaldskrárákvæði við hækkun. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(2) Iðgjaldsgreiðslur

Einnig þegar iðgjald er greitt mánaðarlega er hægt að semja um það að iðgjaldsgreiðslan fari ekki fram með skuldfærslu – í þessu tilviki fellur § 10, 2. málsgr., síðasta setning, brott.

(3) Höfuðstólsgreiðsla

§ 1 málsgr. 4 fellur brott.

FL 10a Hagnaðarhlutdeild

Takmörkun örorkulífeyris sem tilgreind er í § 27 málsgr. 2 c, seinni stríkmerktum kafla, fellur brott.

FL 10b Hvað gildir um árlega Umsamda hækkun tryggðs lífeyris

1. Í stað § 1 málsgr. 1 kemur:

„(1) Lífi hinn tryggði eða allir hinir tryggðu umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við hækkandi tryggðan lífeyri meðan hinn tryggði eða að minnsta kosti einn hinn tryggði er á lífi. Við greiðum lífeyrinn samkvæmt umsömdum hætti árlega, á hálfis árs fresti, ársfjórðungslega eða mánaðarlega, á fyrsta venjulega bankavinnudegi eftir Umsamda gjalddaga.

Árleg Umsamin hækkun tryggðs lífeyris fer fyrst fram ári eftir að lífeyrisgreiðsla hefst, þá er fundin út prósentuhækkun tryggðs lífeyris sem greiddur var á fyrra ári.“

2. Í stað § 1 málsgr. 5 kemur:

„(5) Hafir þú samið um útborgun höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og ekki innifalið eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku og deyi hinn tryggði á lífeyrisgreiðslutímanum greiðum við Umsamin höfuðstól að frádregnum þeim lífeyri sem tryggður er frá upphafi lífeyristöku og þegar hefur verið greiddur. Þeir hlutar tryggðs lífeyris sem byggja á hækkunum dragast þó ekki frá. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.“

3. Í stað § 1 málsgr. 6 kemur:

„(6) Hafir þú samið um útborgun höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og innifalið eftirlífendalífeyri eftir upphaf lífeyristöku greiðum við Umsamin höfuðstól við andlát þess sem lengst lifir (hins tryggða eða hins samtryggða) að frádregnum einum þeim ellilífeyri sem tryggður er frá upphafi lífeyristöku fyrir hvern gjalddaga lífeyrisgreiðslu sem sá hefur lífað sem lengst lifði. Þeir hlutar tryggðs lífeyris sem byggja á hækkunum dragast þó ekki frá. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.“

4. Í stað § 7 málsgr. 3 kemur:

„(3) Við upphaf lífeyristöku geturðu undanskilið Umsamda greiðslu höfuðstóls við fráfall eftir upphaf lífeyristöku og innifalinn þátt eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku, og farið þess í stað fram á greiðslu áunnins tryggðs höfuðstóls frá upphafi lífeyristöku, að frádregnum þeim tryggðu greiðslu ellilífeyris frá upphafi lífeyristöku, sem þegar hafa verið greiddar. Þeir hlutar tryggðs lífeyris sem byggja á hækkunum dragast þó ekki frá.“

5. Í stað § 27 málsgr. 2 d kemur:

„(d) Eftir að greiðsla lífeyris hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarhlutum tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarhlutum annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – vaxandi tryggðan lífeyri. Í honum felst aukalegur iðgjaldsfrír ellilífeyrir og hækkun áður áunnins ellilífeyris. Ef þáttur eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku er innifalinn, felur hagnaðarlífeyrir líka í sér eftirlífendalífeyri. Hlutfall hans við ellilífeyrinn er jafnt og samsvarandi hlutfall við upphaf lífeyristöku. Hækkunarhluti vaxandi tryggðs lífeyris samsvarar hækkunarhlutfalli tryggða lífeyrisins sem um var samið. Árleg hækkun heildargreiðslu fer fyrst fram ári eftir að greiðsla lífeyris hefst, og er þá fundin út hækkun heildargreiðslu fyrra árs í prósentum.

Hafirðu samið um „Lifunarbónus“ gildir sama hækkunarhlutfall fyrir viðbótar tryggðan lífeyri eða greiðslu (§ 27 málsgr. 2 c setning 1) eins og um var samið fyrir tryggðan lífeyri.“

Hvað gildir um tryggingar innan ramma barnabótalífeyris? FL 11

Yfirfærsla samnings tryggingataka til hins tryggða

Þegar hinn tryggði er orðinn fullra 18 ára getur þú yfirfært samning tryggingataka til hins tryggða. Þar með verður hann viðsemjandi okkar.

Hvað gildir þegar samið er um frávík greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku?

FL 12 Í stað § 1, málsg. 5 kemur:

„(5) Falli hinn tryggði frá á lífeyrisgreiðslutímanum greiðum við áunninn tryggðan höfuðstól frá upphafi lífeyristöku (§ 4) að frádregnum þeim tryggðu greiðslum ellilífeyris frá upphafi lífeyristöku, sem þegar hafa verið greiddar. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.“

§ 1 málsg. 6 fellur brott.

§ 6 málsg. 2 fellur brott.

Í stað § 7 kemur:

„Allt til þess að greiðsla ellilífeyris hefst getur þú samið við okkur um það að í stað umsaminnar greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku verði tryggð andlátsgreiðsla sem er margfalt hærrí en lífeyrir sem tryggður er árlega eftir upphaf lífeyristöku. Áhættukönnun er ekki nauðsynleg. Um upphæð greiðslu við andláts gilda efri mörkin ef óskað er. Vegna umsömdum aldri við upphaf lífeyristöku og meðaltalslíflíkum. Við tilkynnum þér um efri mörkin ef óskað er. Vegna breyttrar greiðslu höfuðstóls við andlát kann að verða nauðsynlegt að greiða aukalegt iðgjald. Upphæðin fer eftir viðkomandi gjaldskrárákvæðum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er. Fyrir umsókn um breytingu verður þú að virða sömu fresti og tilgreindir eru í § 4 málsg. 1.“

Hvað gildir ef þú semur um að hafna því að geta valið á milli tryggðs lífeyris og greiðslu höfuðstóls samkvæmt § 4?

FL 13 1. Í tryggingu þinni er ekki samið um „tryggðan höfuðstól.“ Reglurnar í tryggingarskilmálunum sem eiga við tryggðan höfuðstól eru þar með merkingarlaugar fyrir tryggingu þína.

2. § 3 fellur brott.

3. § 4 fellur brott.

4. § 6 sem og § 7 málsg. 2:

Umræddir kostir eru aðeins í boði ef áhættuástand hins tryggða þegar samningnum er breytt verður að leyfa gerð samnings um nýja sambærilega tryggingu eftir samþykktarreglum okkar án þyngri skilyrða.

5. § 7 málsg. 3 fellur brott.

6. Í stað § 16 málsg. 2 kemur:

„(2) Ef tryggingunni er sagt upp gerum við hana iðgjaldsfría samkvæmt § 15 ef greidd voru reglubundin iðgjöld þegar til uppsagnar kom. Ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir er lægri en 200 evrur á ári greiðum við endurkaupsvirðið, - ef um slíkt er að ræða. Það er reiknað samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar sem gangvirði tryggingarinnar við lok yfirstandandi tryggingatímabils (§ 176 VVG).“

§ 16 málsg. 4 og 6 falla brott.